

69  
6 ágúst

## FJALLSKILAREGLUGJÖRÐ

fyrir

### Norður-Ísafjarðarsýslu.

#### I. KAFLI.

##### *Um stjórn fjallskilamála.*

##### 1. gr.

Sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar, eins þótt afrjettir eða fjenaður sje eign utansýslubúa. Hún sker úr ágreiningi og kærumálum er til hennar verður skotið samkvæmt reglugjörð þessari.

##### 2. gr.

Málefni þau, sem nefnd eru í 1. gr. standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Norður-Ísafjarðarsýslu, hverrar í sínum hreppi. Þær skulu gæta þess að reglugjörðinni sje hlýtt, og ef eitthvað er vanrækt, af því, sem hún ákveður eða brotið gegn fyrir mælum hennar, að fullar bætur komi fyrir. Hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, gera allar nánari ákvarðanir um fjallskil og aðrar framkvæmdir samkvæmt reglugjörð þessari eftir þörfum. Þær hafa úrskurðarvald í öllum ágreinings og kærumálum innan hrepps. Úrskurðum þeirra má skjóta til sýslunefndar. Verði ágreiningur milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum heyrir hann einnig undir úrskurð sýslunefndar og skal sá úrskurður hennar vera bindandi fyrir málsaðila.

#### II. KAFLI.

##### *Um mörk og markaskrár.*

##### 3. gr.

Fjarséigandi hver skal hafa glögg eynamark á fje sínu, geti hann það ekki skal hann brennimerkja það á hornum eða klaufum, en eigi hann kindur með vafamarki, skal hann lýsa skriflega fyrir hreppstjóra marki og auðkenni á þeim fyrir fyrstu leitir, ella fer um kindur þessar sem óskilafje.

##### 4. gr.

Markaskrá sýslunnar skal endurprenta svo oft sem sýslunefndinni þykir þörf. Sýslunefndin skipar mann úr sínum flokki er sjer um útgáfu hennar og undirbúning til prentunar. Greiða skal markeigandi hver gjald það er sýslu-

nefndin ákveður fyrir innfærslu marksins í skrána. Gjald þetta rennur í sýslu- **69**  
sjóð er kostar útgáfu markaskrárinnar, og skal afhent oddvita sýslunefndarinn- 6. ágúst  
ar um leið og markaskrárhandritið úr hreppi hverjum. Hreppsnefnd annast um  
undirbúning skrána í hreppi hverjum.

#### 5. gr.

Nú flytur einhver inn í sýsluna, skal hann þá auglýsa mark sitt hrepps-  
nefndum sýslunnar. Þeir sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá  
sýslunnar mega búast við að með fje þeirra verði farið sem óskilafje.

### III. KAFLI.

#### *Um fjársmalanir á vorum.*

#### 6. gr.

Hreppsnefnd skal skipa fyrir um fjársmalanir á vorum til fráfærna á  
þeim tíma, sem hreppsbúar koma sjer saman um fráfarur og skulu hlutaðeig-  
endur skyldir að hlýða fyrirskipunum hennar sem um venjulegar haustleitir  
væri að ræða.

#### 7. gr.

Hreppsbúar í þeim sveitum, sem nóg hafa afrjettarlönd, skulu skyldir  
að reka þangað að vorinu alt geldfje sitt og ótamin hross, nema þeir, að álit  
hreppsnefndar hafi nægilegt fjalllendi fyrir sitt geldfje.

### IV. KAFLI.

#### *Um fjallskil og leitir.*

#### 8. gr.

Í nyrðri hluta sýslunnar að Kaldalóni skulu fram fara þrennar fjárleitir  
á hausti hverju, tvennar í hinum hluta sýslunnar. Hreppsnefndir hafa heimild  
til að kalla menn til aukaleita er henni þykir þörf.

#### 9. gr.

Í nyrðri hluta sýslunnar sbr. 8. gr. skal fyrsti leitardagurinn vera mánu-  
dagurinn í 21. vikunni, en í hinum hlutanum mánudagurinn í 22. vikunni. Seinni  
leitir fara eftir fyrirmælum hreppsnefndar.

#### 10. gr.

Sjerhver fjáreigandi, sem ekki er hjú, og á 6 kindur á fjalli, skal fjall-  
skil gera samkvæmt skipun hreppsnefndar. Nú vanrækir fjáreigandi að leggja

**69** til menn í leitir, og skal hreppsnefnd sjá um, að hann greiði þau fjallskil, **6. ágúst** sem gjörð eru á hans kostnað, sökum vanrækslu þessarar, helmingi herra verði en verðlagsskrár dagsverks N.-Ís. er árlega.

#### 11. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal árlega í tæka tíð semja fjallskilaseðil, þar sem hún fyrirskipar, hvernig fjallgöngum og heimalandsgöngum skuli hagað. Skal hún útnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum, eftir þörfum, sem stjórn göngum leitarmanna og annist um, að alt fari vel og skipulega fram.

#### 12. gr.

Hver, sem fjallskil á að inna af hendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir og annað því um líkt. Láti einhver farast fyrir að senda mann í leit, eða gjöra önnur þau fjallskil, er hann hefir verið kvaddur til samkvæmt fjallskilaseðli og eigi má fresta, skal hann borga þá vinnu, sem framkvæmd er á hans kostnað, samkvæmt 10. gr. Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi og helmingur leitarmanna á hans leitarsvæði, telur óhæfan sökum ófullkomleika eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hefði engan sent. Sannist það eftir á, að einhver, sem fjallskil á að framkvæma, hafi vanrækt verk sitt, getur hreppsnefnd krafist uppbótar frá honum eða þeim, sem sendi hann, eftir því sem hæfa þykir.

#### 13. gr.

Áður en leit byrjar skal leitarforingi gæta þess í hæfilegan tíma, hvort nokkrum manni verði vísað frá, hvort nokkurn vantar eða annað, er til leitarinnar þarf. Kaupir hann þá mann eða annað, er til leitarinnar þarf, sem vantar, ef þörf krefur, og nokkur kostur er á. Leitarforingi hefir á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess, að farið sje eftir fyrirskipunum hans, að úr sje bætt, ef eitthvað fer óskipulega fram, að ekki sje farið illa með skepnur, að fatlaðar kindur sjeu fluttar til bygða, að safnsins sje gætt vel þar til það er í rjett komið og rjettarstjóri tekur við stjórn, og yfir höfuð alls þess, er heyrir til góðu skipulagi í leitum.

#### 14. gr.

Þar sem ekki er leitað til rjetta, skal búandi hver nákvæmlega láta leita heimaland sitt og reka til rjettar geldfjenað allan, er þar finst og hann og heimamenn hans ekki eiga.

#### 15. gr.

Utansveitarmenn, sem geldfjenað reka í sveitina til hagagöngu, skulu sem innansveitarmenn skyldir til að hlýða öllum fyrirskipunum hreppsnefndar, er að fjallskilum lúta.

## V. KAFLI.

69  
6. ágúst*Um rjettir og rjettahöld.*

## 16. gr.

Í hreppi hverjum sje 1 eða 2 lögrjettir og smárjettir svo margar, sem hreppsnefnd þykir þörf á.

Bændur þeir, er til smárjetta sækja, skulu tafarlaust til lögrjettar reka allan þann fjenað úr smárjettum, er þeir eða nágrannar þeirra ekki eiga. Lögrjettir skulu vera sem næst afrjett sem kostur er á.

Skilarjett fer fram í lögrjett hverri í seinustu reglulegum leitum.

## 17. gr.

Á vorhreppaskilum ákveður hreppsnefnd í samráði við bændur, hvar rjettir skuli vera í hreppnum. Hreppsnefnd sjer um byggingu rjetta og viðhald þeirra og jafnar niður byggingar- og viðhaldskostnaði þeirra, niður á hreppsbúa eftir sauðfjárframtali þeirra það ár, sem rjett er bygd.

Dó má hreppsnefnd láta framkvæma smáviðgjörðir á rjettum á kostnað sveitarsjóðs.

## 18. gr.

Valdi rjettarbygging grasnámi eða jarðusla, skal það bæta landeiganda, ef krafist er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er tilkvaddir sju af yfirvaldi eða dómkvaddir. Endurgjald til jarðeiganda sem og kostnaður af matsgjörðinni greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði.

## 19. gr.

Við rjett hverja skulu vera svo margir dilkar, sem hreppsnefnd telur þörf, til þess að sundurdráttur fjárins geti farið greiðlega fram. Um byggingu dilka og viðhald þeirra fer eftir ákvæðum 17. gr.

## 20. gr.

Rjettarstæði má breyta eftir tillögu hreppsnefndar, hafi  $\frac{2}{3}$  fjallskilaskyldra búenda í rjettarfjelagi samþykkt það. Sje rjettarstæði breytt, skal það auglýst í nærliggjandi hreppum. Eigi má synja um rjettarstæði þar sem hreppsnefnd ákveður, ef eigi er ræktað land.

## 21. gr.

Við rjett hverja skal hreppsnefnd skipa rjettarstjóra á sína ábyrgð. Rjettarstjóri skal sjá um, að innrekstur fjárins byrji svo tímanlega sem hægt er og sundurdráttur fjárins fari greiðlega fram. Eru leitarmenn og fjáreigendur skyldir að hlýða fyrirskipunum hans, meðan á sundurdrætti fjárins stendur. Heimilt er og rjettarstjóra að láta kanna fje í dilkum, ef honum

**69** þykir þörf eða þess er krafist. Hann skal ráðstafa því fje, er ekki er tekið  
6. ágúst í rjettum og óskilafje, og yfir höfuð sjá um góða reglu í rjettum.

## 22. gr.

Rjettarstjóri sjer um, að allir markleysingar (ómarkaðir og eyrna-skemdir) er í safni finnast sjeu dregnir sjer í dilk, og skal þeim, er þess óska, gefinn kostur á að láta ær helga sjer lömb sín, sem og koma fram með sönnun fyrir eignarrjetti sínum á kindinni, með sjerstökum einkenum eða öðru, undir umsjón manns, sem hreppsnefnd hefir til þess skipað. Ber honum ásamt rjettarstjóra eða hreppstjóra að úrskurða um, hvort ær hafi helgað sjer markleysing eða aðrar sannanir fyrir eignarrjettinum sjeu teknar gildar.

## 23. gr.

Rjettarstjóra ber að annast um, að dreginn sje allur sá fjenaður, er sjeð verður hvar á heima, eftir markaskrá eða þekking áreiðanlegra manna og sem viðstaddir menn fást til að hirða og trúa má fyrir að koma til skila; má enginn, sem til þess er kvaddur, skorast undan aðstoð við þetta.

Við drátt fjenaðar gengur hornamark fyrir eyrnamarki, skrásett brenni-merki, ef eigi eiga fleiri hið sama, fyrir eyrna- og hornamarki, og greinilega áletrað spjald fyrir öðrum merkjum og mörkum. Þó er sá, sem forgangsmerkið á, skyldur að gera grein fyrir, ef þess er krafist, hvernig hann hefir eignast skepnuna, og svo hver annar eigandi merkja.

Enginn má marka kind eða merkja á rjett, nema undir umsjá rjettarstjóra.

## 24. gr.

Í hverri rjett sje við hendina markaskrá sýslunnar ásamt markaskrá eða nærliggjandi sýslna, og annast hreppsnefnd um útvegum þeirra. Gamlar markaskrár falla úr gildi sem sönnunargagn fyrir eignarrjetti á sauðfje, jafnskjótt og nýjum markaskrá eða hefir verið útbýtt.

## 25. gr.

Þeir, sem taka við rekstrum í rjettum, skulu reka þá þangað, er rjettarstjóri ákveður. Fjárrekstrar að haustlagi skulu ganga bæ frá bæ sem beinasta leið áleiðis, og er búandi hver skyldur að annast þá til næsta búanda. Skulu þeir látnir ganga svo greiðlega sem verða má. Sje illa farið með fje í rekstrum eða þeim týnt, varðar það sektum.

## 26. gr.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar getur hreppsnefnd, ef henni þykir ástæða til, látið gera enn eina leit á leitarsvæði þau, er hún á um að sjá. Til þeirrar leitar skulu fjáreigendur leggja menn til leitar, sem um venju-

legar haustleitir væri að ræða. Heimilt er einstökum mönnum að gjöra eftirleit, þó eigi fyr en hreppsnefnd hefir látið gera slíka leit, eða vissá er fyrir því, að leit verði ekki gjörð að ráðstöfun hreppsnefndar. Finni einstakir menn fjenað á afrjetti eftir 1. nóv., er þeim heimilt að taka fundarlaun; náist ekki samkomulag um þau við eiganda, metur hreppsnefnd fundarlaunin, en ekki mega þau hærri vera en  $\frac{1}{4}$  af verði kindarinnar.

69  
6. ágúst

## VI. KAFLI.

### *Um meðferð óskilafjenaðar.*

#### 27. gr.

Óskilafje er það fje, sem enginn finst eigandi að, svo og ómerkingar allir, sem ær ekki helga sjer, sbr. 22. gr. Óskilafje skal selt af hreppstjóra við opinbert uppboð í skilarjett. Andvirði þess innheimtir hreppstjóri, en hreppsnefnd geymir það til næstu fardaga á eftir. Hreppstjóri sendir oddvita sýslunefndar fyrir lok nóv., til birtingar í Lögbirtingabladinu, lýsingu óskilafjár. Andvirði þess óskilafjár, sem enginn gefur sig fram sem eiganda að fyrir næstu fardaga, rennur í sveitarsjóð. Hreppsnefnd annast geymslu óskilafjár á milli leita. Hún ráðstafar fje úr öðrum hreppum og sýslum, sem óráðstafað er af eigendum í lögrjett hverri.

#### 28. gr.

Finnist óskilafje eftir síðustu leitir, skal sá, er finnur, tafarlaust koma því til hreppstjóra, er selur það á opinberu uppboði, svo fljótt sem verða má, að undangenginni venjulegri uppboðsbirting. Hreppstjóri geymir óskilafje er þannig finst, til þess það er boðið upp. Geymslukostnaður á öllu óskilafje, og öðru fje er hreppsnefnd geymir, er 10 aurar á kind um sólarhringinn, þó ekki meira en kr. 2,00 alls af kindinni. Eigendur fjár, sem er í geymslu, skulu greiða geymslukostnað, ella má halda eftir af fjenu, því er geymslukostnaði nemur, og skal það selt á uppboði og eigendum skilað afgangi andvirðis hins þannig kyrsetta fjár, ef nokkur er.

#### 29. gr.

Nú finnur landeigandi fje annars manns í landi sínu eftir síðustu leitir, og þegar farið er að taka fje að, og skal hann halda því til skila til eiganda, sje hann innanhrepps, en ella til hreppstjóra, er ráðstafar því samkv. 28. gr.

## VII. KAFLI.

### *Almenn ákvæði.*

#### 30. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 200 kr. eftir mála-vöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið.

69

6. ágúst

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

31. gr.

32. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin reglugjörð fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu um fjallskil o. fl. frá 25. júlí 1903.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna til að öðlast gildi 1. september 1925 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. ágúst 1925.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Vígfús Einarsson.*

70

17. ágúst

## AUGLÝSING

Samkvæmt heimild í lögum nr. 3, 27. mars 1925 er burðargjaldstöxtum þeim, sem ræðir um í 11. gr. póstaganna nr. 5, 7. maí 1921, breytt í samræmi við taxa milli landa alþjóðapóstfjelagsins að því leyti sem hjer segir:

Í staðinn fyrir „40“ í 11. gr. a. 1. línu að neðan; komi „35“. Í stað „10“ í 11. gr. a., fyrstu málsgrein, komi „7“.

Breyting þessi gildir frá 1. október 1925.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherra, Reykjavík, 17. ágúst 1925.*

Magnús Guðmundsson.

---

*S. Briem.*